

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1677  
komudagur 5.4.2002



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi - allsherjarnefnd  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: [postur@dkm.stjr.is](mailto:postur@dkm.stjr.is)  
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 4. apríl 2002

Tilvísun: DKM02030320/000/BF/--

Við er til frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sem nú er til meðferðar hjá háttvirtri allsherjarnefnd, 491 mál  
Ráðuneytið óskað eftir umsögn refsiréttarnefndar um frumvarpið og fylgir sú umsögn hjálagt.  
Hefur ráðuneytið engu við hana að bæta.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson

## Refsiréttarnefnd

---

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 000	Alm. DS
Innk.: 04 APR. 2002	
DKM 02030320	

Reykjavík, 4. apríl 2002.

Dómsmálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Dómsmálaráðuneytið hefur farið þess á leit að refsiréttarnefnd láti í té umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, sem flutt hefur verið á Alþingi, 491. mál. Flutningsmenn eru Einar K. Guðfinnsson og Össur Skarphéðinsson. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 5. mgr. 40. gr. laganna að heimilt verði að veita fanga, sem afplánar vararefsingu fésektar, reynslulausn ef vararefsing er ákveðin 30 daga fangelsi eða lengri. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilefni þess sé álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2424/1998.

Samkvæmt 31. gr. almennra hegningarlaga eru refsingar tvenns konar, fangelsi og fésektir. Í 1. mgr. 40. gr. laganna er síðan að finna heimild til að veita fanga, sem hefur afplánað 2/3 hluta af refsitíma, reynslulausn skilorðsbundið. Ef sérstaklega stendur á má þó veita reynslulausn þegar helmingur refsitímans er liðinn, sbr. 2. mgr. 40. gr. laganna. Í hegningarlögum er ekki að finna hliðstæða heimild til að veita afslátt af dæmdri fésekt. Með hliðsjón af þessari skilyrðislausu skyldu til greiðslu sekta var einnig litið svo á allt frá gildistöku laganna að ekki væri heldur hægt að veita fanga, sem afplánar vararefsingu fésektar, reynslulausn. Þetta var jafnframt talið helgast af þvingunareðli vararefsingar. Með álitum umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2423/1998 og 2424/1998 var þessi niðurstaða vefengd án þess þó að fullyrt væri afdráttarlaust að hún væri röng. Taldi umboðsmaður rök hníga að því að sérstaklega hefði þurft að takmarka réttindi fanga, sem afplána vararefsingu, að þessu leyti með skýru og ótvíræðu lagaákvæði til að heimilt væri að synja þeim um reynslulausn. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að það kannaði nánar hvort að lögum væri útilokað að veita föngum, sem afplánuðu vararefsingu fésektar, reynslulausn í samræmi við heimild í 40. gr. laganna. Í kjölfarið var refsiréttarnefnd falið að taka þetta málefni til athugunar og af því tilefni voru samin tvö lagafrumvörp á vegum nefndarinnar, annars vegar um breytingu á almennum hegningarlögum og hins vegar um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988. Bæði þessi frumvörp voru afgreidd frá Alþingi sem lög nr. 22/1999 og 24/1999.

Með lögum nr. 24/1999 var í samræmi við fyrri skoðun um skýringu á reynslulausnarákvæðum hegningarlaga afdráttarlaust mælt fyrir um að reynslulausn yrði ekki veitt þegar fangi afplánaði vararefsingu fésektar. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna (123. löggjafarþing 1998-99, þskj. 474, 351. mál) er þetta rökstutt á þann veg að ýmis vandkvæði séu samfara því að veita eftirgjöf á vararefsingu með reynslulausn. Þannig sé óljóst hvernig fara eigi með eftirstöðvar refsingar ef skilyrði reynslulausnar hafa verið rofin með því að nýtt brot hefur verið framið á reynslutíma. Leiki vafi á því við síðari ákvörðun refsingar hvort eftirstöðvar vararefsingar beri að virða sem ógreidda sekt eða hvort þær beri að meta sem fangelsisrefsingu. Niðurstaðan að þessu leyti hefði veruleg áhrif við ákvörðun refsingar út af síðara broti. Einnig leiki vafi á því hvort unnt sé síðar að greiða sekt, sem svari til óafplánaðrar vararefsingar, þannig að hún hafi ekki áhrif við síðari ákvörðun refsingar. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er þessum álitaeftum hvergi hreyft og á engan hátt reynt að leysa úr þeirri bagalegu réttaróvissu sem óhjákvæmilega yrði fyrir hendi ef frumvarpið verður óbreytt að lögum.

Auk þeirra röksemda gegn því að veita reynslulausn af vararefsingu fésektar er í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 24/1999, vakin athygli á því að tiltekinn hluti vararefsingar svarar til ákveðins hluta sektarinnar. Það fæli því í sér ákveðna mismunun að veita eftirgjöf á vararefsingu gagnvart þeim sem greiðir sekt sína af skilvísi án þess að eiga kost á nokkrum afslætti.


Til viðbótar við það sem hér hefur verið rakið má benda á að vafi leikur á því hvernig færi með fyrningu á eftirstöðvum refsingar þegar fanga væri veitt reynslulausn af vararefsingu. Í því sambandi skal bent á að mismunandi reglur gilda um fyrningu sektar og fangelsisrefsingar.

Loks má benda á að frumvarpið gerir ráð fyrir því að veita megi reynslulausn þegar vararefsing er 30 daga fangelsi eða meira. Það í sjálfu sér felur í sér mismunun gagnvart sektarþolum, auk þess sem frumvarpið myndi eingöngu koma þeim til góða sem fá mjög háar fésektir. Þess má geta að slíkum viðurlögum er einkum beitt vegna brota í atvinnuskyni eða í öðrum tilvikum þegar brot eru margítrekuð. Orkar tvímælis að ívilna einungis þessum flokki brotamanna. Verði á hinn bóginn lágmarkið afnumið koma til erfiðleikar við afgreiðslu beiðna um reynslulausn á vararefsingum þar sem fræðilega væri unnt að sækja um reynslulausn á jafnvel tveggja daga vararefsingu.

Í stað þess að mæla fyrir um heimild til að veita fanga, sem afplánar vararefsingu fésektar reynslulausn, var með lögum nr. 22/1999 lögfest heimild til að fullnusta vararefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Til stuðnings því fyrirkomulagi var í fyrrgreindum athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 24/1999, vísað til þess að fésekt væri vægasta tegund refsingar og því væri þungbært fyrir sektarþola að fullnusta sektina með vararefsingu í fangelsi. Væri takmörkuð ívilnun í því fölgín gagnvart sektarþola þótt unnt væri að veita honum reynslulausn á hluta vararefsingarinnar. Þess í stað þótti nær að sektarþola yrði með öðru móti en með skerðingu á frjálsræði gert kleift að fullnusta refsingu þegar hann sannanlega gæti ekki greitt sekt. Af þessum sökum var lögfest umrædd heimild til að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu og er sú heimild ekki bundin neinum takmörkunum varðandi lengd þannig að unnt er að fullnusta hámarksvararefsingu með því móti.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið mælir refsiréttarnefnd eindregið gegn þeirri breytingu á hegningarlögum að unnt verði að veita reynslulausn á vararefsingu fésektar. Að mati nefndarinnar hefur Alþingi þegar brugðist við fyrrgreindum álitum umboðsmanns Alþingis og gert sektarþolum kleift að komast með öllu hjá því að þurfa að afplána vararefsingu fésektar í fangelsi. Það fær þó ekki breytt því að komið getur til þess að vararefsing verði afplánuð í fangelsi ef viðkomandi sækir ekki um samfélagsþjónustu eða fullnægir ekki skilyrðum hennar. Vilji löggjafinn í þeim tilvikum takmarka afplánun vararefsingar í fangelsum væri nær að lækka almennt hámark vararefsingar, sem nú er eitt ár, sbr. 1. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga. Með því móti væri hægt að komast hjá þeirri réttaróvissu sem er samfara því að veita reynslulausn af vararefsingu. Einnig kæmi til álita að kanna hvort rétt sé með öllu að fella niður vararefsingu og finna aðrar leiðir til innheimtu sekta en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Á annan veg verður ekki komið í veg fyrir mismunun eftir bolmagni manna til að greiða sektir en þingmannafrumvarpið hrekkur skammt í því efni.

Viðröðingarfyllst,



f.h. refsiréttarnefndar  
Benedikt Bogason, formaður